

Föstudaginn 1. október 1993.

Nr. 396/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Karim Bahi.

Kærumál. Gæsluvarðhald felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. september 1993, sem barst réttinum 28. sama mánaðar, en greinargerðir aðila og fleiri gögn bárust í dag. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara krefst hann þess, að gæsluvarðshaldstími verði stytur.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, með skírskotun til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði er sakaður um alvarleg brot, og var skilyrðum um gæsluvarðhaldsvist fullnægt, þegar úrskurður var kveðinn upp. Samkvæmt gögnum málsins er rannsókn þess á lokastigi. Skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykja ekki vera fyrir hendi. Af hálfu sóknaraðila er ekki lengur byggt á a-lið 103. gr. laga nr. 19/1991, þar sem ekki þykir hætta á, að varnaraðili geti héðan af torveldað rannsókn málsins. Samkvæmt 110. gr. laganna er unnt að grípa til annarra ráðstafana og léttbærari fyrir varnaraðila en gæsluvarðhalds til að tryggja návist hans hér á landi.

Samkvæmt framansögðu er ekki ástæða til að halda varnaraðila lengur í gæsluvarðhaldi, og ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi frá og með uppsögu þessa dóms.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram kröfu, dags. 24. september 1993, þess efnis, að Karim Bahi, f. 1. júlí 1968, til heimilis að Juliana van

Stolberghof 3, 2316 GR Leiden, Hollandi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 15. október 1993 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og einnig vegna grunar um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Fimmtudaginn 23. september sl. kom K á skrifstofu RLR og kærði ofangreindan Karim fyrir nauðgun. Hún segir svo frá fyrir lögreglu, að hún hafi ásamt tveimur vinkonum sínum verið á Bíóbarnum sl. þriðjudagskvöld, og hafi þær þá hitt kærða og tvo vini hans. Eftir lokun barsins hafi stúlkurnar farið í bíl með kærða og einum vini hans í þeim tilgangi að fá hjá þeim kókaín. Eftir nokkurn akstur hafi þau síðan farið inn á veitingahúsið Kaffitorg, Hafnarstræti 20, í þeim tilgangi að taka inn kókaín, en vinur kærða, vitnið Karim Hellal, hafi haft lykla að þeim stað.

— — —
Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað hann meira en tíu ára fangelsi. Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og lögregla á eftir að yfirheyra fleiri vitni í málinu. Einnig hefur verið send fyrirspurn um kærða til Interpol í Hollandi, en hann er erlendur ferðamaður og á að eigin sögn bókað far til Hollands næstkomandi sunnudag.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykja hvorki 109. gr. né 110. gr. laga nr. 19/1991 eiga við í málinu.

Með hliðsjón af framansögðu, rannsóknargögnum öllum og skírskotun til a- og b-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Karim Bahi, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 15. október 1993 kl. 16.00.